

Náttúrustofa Suðvesturlands
Garðvegi 1
245 Sandgerði
natturstofa@natturstofa.is

Reykjavík 5. júní 2018
UST201805-204/G.G.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Melrakkaey - Breiðafjörður

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Náttúrustofu Suðurlands dags. 18. maí 2018, vegna fyrirhugaðrar rannsóknar á vetrarstöðvum toppskarfs og hvítmáfs í Melrakkaey á Breiðafjörði. Rannsóknin er hluti af alþjóðlegu sjófuglaverkefni, SEATRACK - Glaucous Gull and European Shag, Iceland (<http://www.seapop.no/en/seatrack/>) þar sem m.a. er unnið að kortlagningu á ferðum sjófugla að vetri til um Norður-Atlantshaf. Verkhlutinn sem sótt er um leyfi fyrir snýr að því að kanna vetrarstöðvar toppskarfs og hvítmáfs.

Lýsing framkvæmdar:

Fuglar vera fangaðir með snörum, merktir, sýni tekin og þeim sleppt aftur. Blóðsýni verða tekin úr hverjum einstaklingi sem og fjaðrasýni. Aðferðin hefur sýnt sig bæði hér og erlendis til að hafa mjög lítil áhrif á dýrin. Blóðsýnin eru sett í 70% etanol, önnur efni eru ekki notuð.

Fara á út í eyna á báti en engin vélknúin tæki verða notuð á eynni. Fjöldi þáttakenda í rannsókninni er að hámarki fjórir. Sótt er um leyfi til tveggja ára og er gert ráð fyrir að fara í leiðangra í 1-2 sólarhringa á tímabilinu 8.- 18. júní 2018 og 8.- 18. júní 2019.

Áhrifamat:

Melrakkaey er friðlýst skv. auglýsingu nr. 118/1974. Þess er vænst að allir í leiðangrinum kynni sér vel þær reglur sem um friðlandið gilda og að dýralif verði ekki truflað meira en nauðsyn ber til.

Mat Umhverfisstofnunar er að röskun á svæðinu vegna framangreindra rannsókna sé óveruleg. Umhverfisstofnun hefur áður veitt leyfi fyrir sambærilegri rannsókn vegna verkefnisins. Þá var óskað eftir álti frá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna rannsóknarinnar og áhrifa á hvítmáf og toppskarf. Gerði stofnunin ekki athugasemd við að leyfi yrði veitt til þeirra rannsókna sem sótt var um.


Í eldra leyfi var þess farið að leit að eintak af skýrslum og vísindagreinum sem fjalla um rannsóknir á svæðinu yrðu sendar Umhverfisstofnun án endurgjalds. Engar slíkar hafa enn þá verið unnar þar sem enn er verið að afla gagna og lýkur þeim hluta líklegast í ár. Þess vegna er ekki búið að birta neinar niðurstöður í vísindagreinum eða á öðrum stöðum. Tvær ársskýrslur frá Seatrack fylgja með nýju umsókninni þar sem greint er frá rannsókninni. Allar niðurstöður verkefnisins eru opinberar og öllum aðgengilegar í vefgátt þess; [seatrack.seapop.no/map](http://www.seapop.no/map) þar á meðal upplýsingar um vetrarstöðvar hvítmáfa og toppskarfa úr Melrakkaey. Eins er stuttleg lýsing, öllum opin, á vefsíðu verkefnisins <http://www.seapop.no/en/seatrack/#melrakkaey>.


Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindri rannsókn. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir fyrir tímabilin 8. -18. júní árin 2018 og 2019.
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir hans standa yfir á svæðinu.
- Frávik frá ofangreindri verkefnislýsingu skal tilkynna til Umhverfisstofnunar.
- Sýnafjöldi og magn skal takmarkaður við ofangreinda rannsókn.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá án endurgjalds eintak af öllum skýrslum og vísindagreinum umsækjenda sem fjalla um rannsóknir innan svæðisins.

Virðingarfyllst,


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður